

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

1. Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.

Hvammsprestakall og Hjarðarholtsprestakall sameinast. Staðarhólssókn tilheyrir þó Reykhólaprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi. Heiti hins sameinaða prestakalls verður Hjarðarholts- og Hvammsprestakall. Prestssetur: Búðardalur í Dalabyggð.

2. Barðastrandarprófastsdæmi.

Bíldudalsprestakall og Tálknafjarðarprestakall sameinast. Heiti hins sameinaða prestakalls verður Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakall. Prestssetur: Bíldudalur.

3. Húnavatnsprófastsdæmi.

Prestsbakkaprestakall og Melstaðarprestakall sameinast. Prestsbakka- og Staðarsóknir sem tilheyra Prestsbakkaprestakalli tilheyrir Melstaðarprestakalli. Óspakseyrarsókn sem nú tilheyrir Prestsbakkaprestakalli tilheyrir þó Hólmavíkurprestakalli. Heiti hins sameinaða prestakalls verður Melstaðarprestakall. Prestssetur: Melstaður.

2. gr.

Stofnun Grafarholtsprestakalls, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, öðlast gildi 1. júlí 2004.

3. gr.

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2004. Sameining Hvammsprestakalls og Hjarðarholtsprestakalls öðlast gildi við starfslok þess prests í öðru hvoru prestakallanna er fyrr lætur af embætti.

4. gr.

Við starfsreglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi: Meðan núverandi sóknarprestur í Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli gegnir embætti er honum heimilt að búa á Tálknafirði í prestssetri sem Prestssetrasjóður leggur til.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2003.

Hulda Guðmundsdóttir,
varaforseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2003.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.